

**Nd.**

**474. Frumvarp til laga**

**[161. mál]**

um breyting á lögum nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörliki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd. 9. maí.)

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Smjörliki nefnist í lögum þessum allt feitmeti, sem líkist smjöri, þegar í því er feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur fita en mjólkurfita, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

Rjómalíki kallast vökvi, sem líkist rjóma, en inniheldur aðra feiti en mjólkurfitu, er nemur meira en 25% af fitumagninu.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en inniheldur feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarfitumagninu.

Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlikisgerð, eftirlit með smjörlikisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.

**2. gr.**

Í stað orðanna „atvinnumálaráðherra“ og „atvinnumálaráðuneyti“ í lögnum komi: landbúnaðarráðherra og landbúnaðarráðuneyti.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.